

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## SKAFTÁRHREPPUR, SORPBRENNSLA KIRKJUBÆJARKLAUSTRI

---

<b>Dagsetning</b>	17.8.2011	<b>Fulltrúi UST</b>	Sigrún Guðmundsdóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Skaftárhreppur	<b>Starfsleyfi, gildir til 12.12. 2012</b>	
<b>Heimilisfang</b>	Klausturvegi 15, 880 Kirkjubæjarklaustur	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	480690 - 2069	<b>Fulltrúar fyrirtækis</b>	Kári Halldórsson Sigurjón Ragnarsson
<b>Isat nr.</b>	38.21.0 , 38.22.0	<b>Staðsetning starfstöðvar (hnit)</b>	63° 47', 238'N, 18° 3,115'W
<b>Starfsemi</b>	Meðhöndlun úrgangs, m.a. sorbrennsla		

---

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Gerðar eru tvær athugasemdir og þrjú frávik staðfest. Frávikin varða of lágan útblásturshraða úr skorsteini, vöntun á olíuskilju og rekstrardagbók var ekki aðgengileg við eftirlit. Athugasemd var gerð þar sem niðurstöðu mælingar á glæðitapi eða hlutfalli lífræns kolefnis og DOC vantaði í síðustu mælingum á ösku og farið er fram á árlegar mælingar á ösku. Önnur athugasemd var gerð vegna óhrjálegs búnaðar til geymslu olíu.

### UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir ákvæði starfsleyfis og reglugerðar 739/2003 um brennslu úrgangs og reglugerð 35/1994 um varnir gegn olíumengun frá landi. Skoðun í sorpbrennslu var framkvæmd með Birgi Þórðarsyni heilbrigðisfulltrúa á Suðurlandi og haldinn var samráðsfundur um málefni sorpbrennslunnar.



## FRÁVIK<sup>i</sup> OG ATHUGASEMDIR<sup>ii</sup>

### Frávik 1:

Rekstrardagbók sorpbrennslunnar var ekki aðgengileg við eftirlit. Samkvæmt umsjónarmanni sorpbrennslu fara rafrænar skráningar í aðalbækistöð Íslenska gámafélagsins í Gufunesi.

**Frávik frá:** Samkvæmt ákvæði 3.8 í starfsleyfi skal rekstraraðili halda rekstrardagbók þar sem m.a. kemur fram meðhöndlun daglegs úrgangsmagns og -tegundar, bilanir á brennslustöðinni og/eða stöðvun hennar, óhöpp svo sem ófyrirséð mengun eða losun spilliefna og slys á fólki o. fl. Þá skulu skráðar upplýsingar jafnan vera aðgengilegar fyrir eftirlitsaðila.

### Frávik 2

Olíuskilja er ekki fyrir hendi.

**Frávik frá:** Ákvæði 3.4 í starfsleyfi en samkvæmt því skulu spilliefni móttekin á steypu undirlagi og olíuskilja skal tengd fráveitu af því.

### Frávik 3

Hraði útblástursreyks er of lágur. Nmí mældi hraða útblástursreyks í janúar sl. og reyndist hann 4,8m/s.

**Frávik frá:** Ákvæði 3.10 í starfsleyfi en samkvæmt því skal hraði útblástursreyks vera a.m.k. 20m/s.

Áminning hefur verið gefin rekstraraðila vegna þessa en fallið hefur verið frá álagningu dagsekta.

### Athugasemd 1:

Mæla þarf mengunarefni í ösku með reglulegu millibili. Heppileg tíðni er ein mæling á ári. Í síðustu mælingum á ösku vantaði mælingu á DOC og glæðitapi eða hlutfalli lífræns kolefnis.

### Athugasemd 2

Búnaður fyrir geymslu olíu er óhrjálegur, Á þetta var bent í síðustu eftirlitsskýrslu frá 30.7.2010, Þó var ekki að sjá (eins og þá) leka úr geymnum við eftirlit nú, enda kom fram í bréfi rekstraraðila frá 11.2.2011 að unnið væri að því að komast fyrir leka úr olíugeymnum. Hins vegar er jarðvegur við (og undir?) olíugeymi sorpbrennslunnar olíumettaður. Ekki er hægt að sjá hve mikil olía hefur farið þarna í jarðveg. Í ákvæði 1.6 í starfsleyfi segir að farið skuli að reglugerð 35/1994 um varnir gegn olíumengun frá landi hvað varðar meðferð og frágang olíutanka og búnaðar. Þar er m.a. kveðið á um að neyslugeymar (eins og sá sem hér um ræðir) skuli varinn svo útiloka megi hnjask vegna farartækja (árekstrarvarnir, gr.78), við fyllingu á geyma sem eru 10m<sup>3</sup> eða minni skal nota viðvörðunarbúnað til að koma í veg fyrir yfirfyllingu geymis (gr. 14), og lágmarksbúnaður til að bregðast við mengunaróhöppum skal vera fyrir hendi eða tiltækur ef á þarf að halda (gr.95). Þá skal á 10 ára fresti fara fram lekaþrófun á lögnum og geymum og skal prófun gerð af viðurkenndum aðila (gr.90). Þar sem sorpbrennslan hefur verið starfandi í meira en 10 ár þarf nú að fara fram prófun á þessum þáttum ef hún hefur ekki þegar farið fram.



## Önnur atriði:

Jarðgerð (jarðgerðartromla)fer fram í sorpbrennslunni. Starfsleyfi fyrir hana er í vinnslu hjá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands.

Samkvæmt niðurstöðum mælinga í útblæstri sorpbrennslunnar í janúar sl. reyndist hlutfall lífræns kolefnis (TOC) yfir losunarmörkum. Dagsektir eru nú lagðar á rekstraraðila þar sem nýjar niðurstöður á TOC bárust ekki fyrir 15. desember sl.

Reykjavík, 20.12.2011

---

Undirskrift eftirlitsaðila

---

<sup>i</sup> **Frávik:** Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

<sup>ii</sup> **Athugasemd:** Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.